

Aðalfundur Eyjafjarðardeildar 2024

haldinn í Viðjulundi 2, Akureyri,

14. mars 2023 klukkan 18.00.

Fundinn sóttu 16 manns.

1. Kristín Björk Gunnarsdóttir, varaformaður stjórnar, setti fundinn og var Baldvin Valdimarsson kosinn fundarstjóri og Jón Baldwin Hannesson ritari.
2. Álfheiður Svana Kristjánsdóttir, neyðarvarnarfulltrúi, sagði frá viðbrögðum Rauða krossins í kjölfar jarðhræringa á Reykjanesi og rýmingar í Grindavík. Sett var upp fjöldahjálparstöð, sinnt sálrænum stuðningi sem mikil þörf er ennþá fyrir, staðið fyrir söfnun, úthlutun úr henni er enn ekki lokið. Húsnæðismálin hafa ekki þróast alveg nóg vel, ennþá búa margir við óviðunandi aðstæður eða eru húsnæðislausir. Nokkur umræða varð um málið, sérstaklega húsnæðismálin. Álfheiður benti á viðtal við Ellen Kalman á vefnum er áhugavert þar sem hún fer vel yfir húsnæðismálin.
3. Skýrsla stjórnar um starf deildarinnar á liðnu starfsári. Kristín Björk Gunnarsdóttir, varaformaður stjórnar, fór ítarlega yfir starf deildarinnar 2023, sýndi glærur og sagði frá. Árið 2023 voru 354 sjálfboðaliðar í 411 verkeiningum (skýrist af því að hópur sjálfboðaliða er í fleiri en einu verkefni). Í ársskýrslu eru ítarlegri upplýsingar, stefnt er að birtingu ársskýrslunnar á vef Rauða krossins innan tíðar. Starfsmenn Eyjafjarðardeilda voru: Deildarstjóri í fullu starfi. Verkefnastjóri í 85% starfi. Umsjónarmaður húseigna í 50% starfi. Verkefnastjóri í flóttamannamálum í fullu starfi. Verkefnastjóri í tímabundnu 50% starfi við flóttamannaverkefni og verkefnafulltrúi í tímabundnu 30% starfi í flóttamannaverkefnum. Tveir skipta með sér 20% starfi við að stýra frú Ragnheiði, vinna það í verktöku. Neyðarvarnafulltrúi í 75% starfi á vegum landsskrifstofu er einnig með starfsaðstöðu hjá Eyjafjarðardeild.
4. Áritaður og skoðaður ársreikningur var lagður fram til afgreiðslu. Ingibjörg Elín Halldórsdóttir, deildarstjóri Eyjafjarðardeilda, gerði grein fyrir ársreikningi deildarinnar og lagði hann fram til samþykktar. Reikningurinn er staðfestur og undirritaður af stjórn, deildarstjóra, skoðunarmanni og endurskoðanda. Samkvæmt rekstrarreikningi nam rekstrarhagnaður deildarinnar um 5,5 milljónum króna á árinu að teknu tilliti til afskrifta sem námu 4,7 milljónum. Eigið fé félagsins í lok ársins var 154,1 milljónir kr. en var um 148,6 milljónir kr. í byrjun árs. Aðalfundur samþykkti reikninginn samhljóða.

5. Framkvæmdaáætlun og fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár voru lagðar fram til kynningar. Ingibjörg, deildarstjóri, greindi frá helstu málum og sagði frá því að farið verður í allmikla greiningarvinnu á verkefnum deildarinnar með könnunum, viðtölum ofl. Verða niðurstöðurnar síðan nýttar fyrir undirbúning starfsársins 2025.
6. Innsendar tillögur skv. 6. mgr. 19. gr. Engar innsendar tillögur bárust.
7. Kosning deildarstjórnar skv. 20.gr.

**Til tveggja ára verði kosin:**

Eva Hrund Einarsdóttir  
Kristín B. Gunnarsdóttir  
Konráð K. Baldvinsson  
Kristjana V. Valgeirs dóttir

**Áfram sitja í stjórninni til 2025 kosin til tveggja ára á aðalfundi 2023:**

Þorsteinn K. Björnsson, formaður.  
Gísli Kort Kristófersson  
Hilmar Friðjónsson  
Kári Fannar Lárusson  
Sigríður Stefánsdóttir

**Varamenn til eins árs 2024-2025:**

Helga Margrét Freysdóttir  
Jovana Kotaras  
Jón Baldwin Hannesson  
Kristín Helga Schiöth

Aðalfundur samþykkti allar tillögur kjörnefndar í skriflegri kosningu

8. Önnur mál.

Sigríður Stefánsdóttir þakkaði Karen Malmquist fyrir stjórnarsetu sína en hún hverfur nú úr stjórn deildarinnar. Sigríður þakkaði henni einnig fyrir góð störf sem sjálfboðaliði í fjölmörgum verkefnum.

Baldvin, fundarstjóri, þakkaði fundarmönnum góðan fund og sleit fundi kl. 20:05.

LBG

Sigríður Stefánsdóttir